



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Útboðsgögn
Verk og útboðslýsing
Fischerhúsið
Utanhússklæðning 2012

Grétar I Guðlaugsson

BF LOK 1010



Efnisyfirlit.

Útboðslýsing.....	5
1 ÚTBODSLÝSING.....	2
1.1 Útboð.....	2
1.2 Opnun tilboða.....	2
1.3 Útboðsgögn.....	2
1.4 Hlutverk útboðsgagna.....	2
1.5 Skýringar á útboðsgögnum – viðaukar.....	3
1.6 Frágangur tilboðs – frávikstilboð.....	3
1.7 Verðlagsgrundvöllur og verðbætur.....	4
1.8 Skilafrestur og tafabætur – verkáætlun.....	4
1.9 Upplýsingar um verkkaupa og ráðgjafa.....	4
1.10 Framlag verkkaupa.....	5
1.10.2 Vinna lögð til af verkkaupa.....	5
1.10.3 Gjöld greidd af verkkaupa:.....	5
1.11 Athafnasvæði – öryggisráðstafanir.....	5
1.12 Aðstæður á staðnum.....	5
1.13 Mælingar og málsetningar.....	6
1.14 Yfirstjórn og verkstjórn.....	6
1.15 Eftirlit.....	6
1.16 Magnbreytingar breytingar á verki, aukaverk.....	7
1.17 Dagbók.....	8
1.18 Vinnugæði, upplýsingar um efni.....	8
1.19 Ágreiningsmál.....	8
1.20 Úttekt.....	9
1.21 Ábyrgðarúttekt.....	9
1.22 Upplýsingar um bjóðendur.....	10
1.23 Meðferð og mat á tilboðum.....	10
1.24 Uppdrættir og lýsingar.....	11
1.25 Ábyrgðir og tryggingar.....	11
1.26 Frávik frá stöðlum.....	12



Útboðs og verkskilmálar Fischerhúsið utanhússklæðning 2012

1.27 Greiðslur og reikningsskil	12
1.28 Byggingarstjóri og iðnmeistarar	13
Verklýsing	14
1 AÐSTAÐA OG ALMENNT UM VERKIÐ	15
1.0.0 Almenn	15
2.BURÐARVIRKI.	16
2.0.0 Almenn	16
2.1.0 Veggjagrindur.	16
2.1.1 Klæðning á grindur.	17
2.1.2 Þak.	17
2.1.3 Klæðning á þak.	18
7 FRÁGANGUR UTANHÚSS	18
7.0.0 Almenn	18
7.1 RIF OG BROTTFLUTNINGUR.....	19
7.0.1 Almenn atriði.....	20
7.1.1 Rif á þakjárnri.....	20
7.1.2. Rif á útveggjaklæðningu.	21
7.1.3 Rif á gluggum	21
7.1.4 Rif á útihurðum.....	21
7.2 KLÆÐNING UTANHÚSS	22
7.2.0 Almenn	22
7.2.1 Ný listapilsklæðing.....	22
7.2.2 Krossviður	23
7.2.3 Gömul klæðning	23
7.2.4 Borðaklæðninga á bindingsverki	23
7.2.5 Músanet.....	24
7.2.6 Vindpappi	24
7.3 Þak	24
7.0.3 Almenn	24
7.3.1, Steinskífur á þak	25
7.3.2 Þakpappi	25
7.3.4 Lektur í þaki	25
7.3.5 Borðaklæðning í þaki negling	26



Útboðs og verkskilmálar Fischerhúsið utanhússklæðning 2012	
7.3.6 Frágangur við mæni.....	27
7.3.7 Frágangur við þakbrúni.....	27
7.3.8 Frágangur við þakglugga.....	27
7.3.9 Þakrennur og niðurföll.....	28
7.4 SÖKKULL/SKORSTEINN	28
7.0.4 Almenn	28
7.4.1 Hreinsun sökkla	29
7.4.1 Hreinsun skorsteina.....	29
7.5 GLUGGAR OG ÚTIHURÐIR	29
7.0.5 Almenn	29
7.5.1 Gluggar	30
7.5.2 Gluggar í kjallara	30
7.5.3 Þakgluggar	31
7.5.4 Útihurðar	31
7.6 FRÁGANGUR Á TRÉVERKI UTANHÚSS	32
7.0.6 Almenn	32
7.6.1 Gluggafaldar og vatnsbretti við glugga og útihurðir.	32
7.6.2 Vatnsbretti á klæðningu	32
7.6.3 Tréverk við þakbrúnir	33
7.6.4 Tréverk á hornum	33
7.7 MÁLUN UTANHÚSS	34
7.0.7 Almenn	34
7.7.1 Listapil.....	34
7.7.2 Rennur og niðurföll.....	34
7.7.3 Trévirkni á hornum og við þakbrúnir.....	35
7.7.4 Gluggar og trévirkni kringum glugga	35
7.7.5 Hurðir og trévirkni kringum hurðir	35
8 Vinnupallar	36
8.1.1 Vinnupallar	36
8.1.2 Rif á Vinnupalli.....	36
9 Aukaverk.....	36
9.1.1. Vinna iðnaðarmanna	36
9.1.2. Vinna iðnverkamanna.....	37



Útboðs og verkskilmálar Fischerhúsið utanhússklæðning 2012

Tilboðsskrá.....	38
Tilboðsblað	44
Form verktryggingar	45
Verksamningur	46

Kostnaðaráætlun

Útboðslýsing



1 ÚTBOÐSLÝSING

1.1 Útboð

Reykjanesbær, sem hér á eftir nefnist verkkaupi, óskar eftir tilboðum í eftirfarandi: "FISCHERHÚSIÐ utanhússklæðning - 2012.". Verkið felst í endurgerð klæðningar á útveggjum Fischerhússins (Hafnargötu 2.), endurnýjun þakklæðningar og ísetningu og frágangs nýrra glugga, ásamt rífi, förgun o.fl. Er þessu nánar lýst í verklýsingu. Þjóðendum er bent á að kynna sér vel allar aðstæður á vinnusvæðinu.

1.2 Opnun tilboða

Tilboð skulu hafa borist til GIG Hönnunar ehf. Kjarmóa 16. 260 Reykjanesbæ, eigi síðar en fimmtudaginn, 1. Júní 2012 kl. 11:00 og verða þau þá opnuð þar í viðurvist þeirra þjóðenda sem viðstaddir verða. Með vísan til 7. gr. laga um framkvæmd útboða nr. 65/1993 er óheimilt að opna tilboð sem berast eftir að liðinn er sá frestur sem settur var til að skila tilboðum. Þó er heimilt að opna tilboð sem borist hafa með símbréfi á opunarstað tilboðs áður en skilafrestur er runninn út enda hafi þau gögn, sem fylgja eiga tilboði, verið póslögð með ábyrgðarpóstsendingu a.m.k. degi áður en opnun tilboðs fer fram.

1.3 Útboðsgögn

Útboðsgögn eru:

- 1 : Útboðslýsing ásamt ÍST-30:2003.
- 2 : Verklýsing
- 3 : Útboðsteikningar
- 4 : Tilboðsskrá Eyðublöð o.fl. Viðaukar, ef einhverjir eru.

1.4 Hlutverk útboðsgagna

Þjóðendur skulu gera tilboð í verkið á þeim grundvelli að útboðsgögn gefi upplýsingar um allt sem máli skiptir við gerð tilboðs. Þjóðendum er þó bent á að kynna sér rækilega allar aðstæður á staðnum.



Útboðs og verkskilmálar Fischerhúsið utanhússklæðning 2012
Auk vinnu og efnis, skulu öll áhöld, útbúnaður og vélar, skattar og skyldur hverju nafni sem nefnast, og nauðsynlegt er til að framkvæma og ljúka verkinu að fullu og öllu, vera innifalin í tilboðinu, nema það sem er sérstaklega undanskilið.

1.5 Skýringar á útboðsgögnum – viðaukar

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum eða verði hann var við ósamræmi í útboðsgögnum sem haft getur áhrif á tilboðsfjárhæð, skal hann senda, GIG Hönnun ehf. tengiliður Grétar I Guðlaugsson, skriflega fyrirspurn eigi síðar en 7 almanaksdögum fyrir opnunardag tilboða. Fyrirspurnir og samhljóða svarbréf verða send öllum sem sótt hafa útboðsgögn, eigi síðar en 4 almanaksdögum fyrir opnunardag tilboða. Fyrirspurnir og svör við þeim verða hluti af útboðsgögnunum.

Verkkaupa er heimilt að gefa út viðauka við útboðsgögnin. Sérhver viðauki, svo og svör við fyrirspurnum, verða send öllum þeim sem fengið hafa útboðsgögnin. Allir viðaukar, sem kunna að verða sendir út, teljast vera hluti af útboðsgögnum.

1.6 Frágangur tilboðs – frávíkstilboð

Tilboð skal gera á meðfylgjandi tilboðsskrá/tilboðsblað og ber að fylla það út eins og texti segir til um. Sé ósamræmi milli einingarverðs og tilsvareandi heildarverðs, þá ræður einingarverð. Tilboð skal gera í verkið í heild samkvæmt útboðsgögnum.

Einingarverð og heildartilboðsupphæð skulu vera með VSK.

Tilboð skal vera undirritað af aðilum, sem hafa heimild til að skuldbinda bjóðanda. Ef tveir eða fleiri aðilar gera sameiginlegt tilboð, skuldbindur það þá óskipt (in solidum). Í slíku tilboði skal tilnefna einn aðila sem stjórnanda (sponsor) og skal hann hafa fullt umboð til að koma fram fyrir hönd allra aðila og er fullnægjandi að verkkaupi sendi honum tilkynningar viðvíkjandi verkinu.

Frávíkstilboð eru ekki heimil.

Tilboði skal skila í lokuðu umslagi merktu:

FISCHERHÚSIÐ utanhússklæðning. 2012 TILBOÐ



1.7 Verðlagsgrundvöllur og verðbætur

Samningsbundnar greiðslur hækka eða lækka hlutfallslega með hækkun eða lækkun byggingavísitölu Hagstofu Íslands, vísitalan alls. Miða skal við að vísitalan haldist óbreytt milli gildistökudaga sem er fyrsti dagur hvers mánaðar. Einstakir verkþættir í tilboðsskrá verðbætast miðað við gildandi vísitölu þegar verkþátturinn er framkvæmdur. Grunnvísitala samnings er áður nefnd vísitala sem er gildandi vísitala fyrir apríl 2012, 576,4 stig.

1.8 Skilafrestur og tafabætur – verkáætlun

Verkið skal hefja strax og verksamningur hefur verið undirritaður.

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 7. desember 2012. Verktaki skal áður en verksamningur er undirritaður leggja fram ítarlega verkáætlun til samþykktar, sem byggir á ofanrituðu.

Dragist lok verksins eða einstakra verkáfanga fram yfir skiladag, skal verktaki greiða verkkaupa tafabætur (dagsektir) fyrir hvern almanaksdag, sem líður fram yfir skiladag. Tafabætur reiknast þannig: Tímamörk: 7 desember 2012: 30.000 kr/dag. Tafabætur skulu verðbætast með sama hætti og greiðslur fyrir verkið, sbr. ÍST 30, kafla 24.

1.9 Upplýsingar um verkkaupa og ráðgjafa

Verkkaupi: Reykjanesbær Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbæ Sími: 421-6700,

Fax:421-6701 Umsjón: Björn Samúelsson Netfang:

bjorn.samuelsson@reykjanesbaer.is. Hönnun og eftirlit GIG Hönnun ehf. Kjarmóa 16 260 Reykjanesbæ sími 421-2918 fax 421-8828 tölvupóstfang gretarig @live.com Umsjón Grétar I Guðlaugsson sími 864-8288.

Eftirlit verkaupa: Eftirlit verkaupa kemur ekki í stað opinbers eftirlits sem falið er öðrum stjórnvöldum samkvæmt lögum eða reglugerðum. Verktaki skal í einu og öllu framkvæma verkið samkvæmt samningi og í samráði við eftirlitsaðila.



1.10 Framlag verkkaupa

Efni lagt til af verkkaupa. Verkkaupi leggur til alla glugga og gler ásamt listum og þéttiefnum ásamt útihurðum í húsið. Afhending eftir samkomulagi við verkkaupa.

1.10.2 Vinna lögð til af verkkaupa

Verkkaupi leggur enga vinnu til verksins. Nema, kostnað við gerð teikninga er fylgja útboði og breytingar á teikningum sem verkkaupi kann að óska eftir á byggingartíma.

1.10.3 Gjöld greidd af verkkaupa:

Kostnað við eftirlit verkkaupa.

1.11 Athafnasvæði – öryggisráðstafanir

Verktaki fær svæði fyrir efnisgeymslur, vinnuskúra o.þ.h. nálægt vinnusvæðinu skv. tilvísun eftirlitsmanns. Verktaki skal takmarka athafnasvæði sitt svo sem kostur er í samráði við eftirlitsmann.

Lögð er rík áhersla á að verktaki raski ekki neinu utan þess athafnasvæðis sem honum verður úthlutað. Gerist það engu að síður skal verktaki lagfæra slíkt rask á eigin kostnað skv. fyrirmælum eftirlitsmanns. Allur kostnaður við aðstöðusköpun, rekstur vinnusvæðis, hreinsun og frágang í verklok skal innifalinn í einingarverðum tilboðsins, nema annað komi fram í verklýsingu.

Verktaki skal sjá til þess að ekki stafi hættu af vinnusvæðinu. Varðandi umgengni og umhirðu á vinnustað vísast til greinar 1.12.

1.12 Aðstæður á staðnum

Verktaki tekur við svæðinu í núverandi ástandi og er bjóðendum bent á að kynna sér vel allar aðstæður á staðnum. Verktaki skal leggja til og kosta alla nauðsynlega aðstöðu og útbúnað svo og rekstur og viðhald þess útbúnaðar, svo sem húsnæði fyrir starfsmenn sína og til geymslu áhalda og annars sem til verksins þarf, öll áhöld, vélar, verkfæri, ljós, og annað, sem til þarf við framkvæmdirnar, ennfremur alla efnisflutninga, flutning á mönnum og úthald, hvernig svo sem því verður hagað.

Verktaki skal einnig leggja til og kosta alla vinnupalla, keyrslubrautir og aðra



Útboðs og verkskilmálar Fischerhúsið utanhússklæðning 2012
hagræðingu sem til verksins þarf, svo og bráðabirgðaleiðslur fyrir vatn og raforku. Vinnupallar við Vesturgötu skulu vera þannig frágengnir að gangandi umferð komist óhindruð meðfram húsinu, undir vinnupöllum, og vera jafnframt þannig frágengin að klæðning vinnupallsins verji gangandi umferð frá slettum o.þ.h. frá akandi umferð. Umhirða á vinnusvæðum skal ávallt vera góð og allt rusl fjarlæggt jafnóðum. Þá skal allt umframefni fjarlæggt og í verklok skal skila mannvirkjum í snyrtilegu ástandi. Allur kostnaður við aðstöðusköpun, rekstur vinnusvæðis, hreinsun og frágang í verklok skal innifalinn í einingarverðum tilboðsins.

1.13 Mælingar og málsetningar

Verktaki skal annast allar nauðsynlegar mælingar en eftirlitsmanni skal gefin kostur á að sannprófa þær. Verktaki ber þó einn ábyrgð á þeim og aðgerðaleyzi eða vangá eftirlitsmanns firrir hann eigi þeirri ábyrgð. Verktaki skal leggja eftirlitsmanni til aðstoð þá er hann þarfnast við mælingar sínar. Verktaki ber einn kostnað af máltöku og mælingum.

1.14 Yfirstjórn og verkstjórn

Yfirstjórn verksins á vinnustað skal vera í höndum reynds yfirstjórnanda, sem verkkaupi samþykkir. Hann skal hafa sér til aðstoðar einn verkstjóra og skal annar hvor þeirra ávallt vera á vinnustað, þannig að eftirlitsmaður geti snúið sér til þeirra hvenær sem er.

Telji eftirlitsmaður verkkaupa verkstjórn óhæfa á einhvern hátt, getur hann krafist þess að skipt sé um mann eða menn. Verktaka ber að sjá um að góð regla ríki á vinnustað.

1.15 Eftirlit

Verktaki skal í einu og öllu framkvæma verkið í samráði við eftirlitsmann verkkaupa. Eftirlitsmenn skulu eiga greiðan og óhindraðan aðgang að öllu, sem máli skiptir um efnisval og vinnu við verk þetta, hvort sem er á verkstað eða annars staðar þar sem unnið er að verkinu.

Ef verktaki er í vafa um einstök atriði framkvæmdarinnar, efnisval eða annað sem við kemur verkefninu, skal hann tafarlaust leita úrskurðar eftirlitsmanns.



Útboðs og verkskilmálar Fischerhúsið utanhússklæðning 2012
Ef um ósamræmi milli uppdráttu og lýsinga er að ræða skal verktaki tafarlaust tilkynna eftirlitsmanni það til úrskurðar. Vanti eitthvað í uppdrættina, sem lýsing tekur fram, skal farið eftir lýsingunni. Hins vegar skulu uppdrættir ráða, þar sem skortir á í verklýsingum. Eftirlit verkkaupa kemur ekki í stað opinbers eftirlits byggingarfulltrúa.

1.16 Magnbreytingar breytingar á verki, aukaverk

Magntölur í tilboðsskrá eru áætlaðar og eru þær verktaka til viðmiðunar en eru ekki bindandi til greiðslu. Til greiðslu kemur einungis unnið magn sem mælt er að verki loknu.

Verði verktaki var við magnaukningu skal hann strax gera eftirlitsmanni viðvart og mun verkkaupi ákveða hvort hið aukna magn skulu unnið. Verktaki má engin aukaverk vinna né gera breytingar á verki nema samkvæmt skýlausum fyrirmælum eftirlitsmanns verkkaupa. Allar upplýsingar og samningar um breytingar og aukaverk skulu vera skriflegar. Meginreglan skal vera sú að um aukaverk sé samið á grundvelli aðaltilboðs verktaka. Varðandi aukaverk í tímavinnu þá skal verktaki gera grein fyrir þeim daglega. Verkkaupa er heimilt að krefjast breytinga á verkinu frá uppdráttum og verklýsingum. Verktaki á rétt á sérstakri greiðslu vegna aukins kostnaðar, sem af breytingu leiðir. Skal krafa byggð á sama verðlagi og samningur og skal koma fram áður en framkvæmd við breytingarnar hefst. Leiði breyting til lækkunar kostnaðar, getur verkkaupi krafist lækkunar á samningsfjárhæð, enda sé sú krafa gerð þegar í stað og á sama grundvelli og áður er lýst um aukinn kostnað. Aðilar skulu svo fljótt sem auðið er, semja um þá hækkun eða lækkun samningsfjárhæðar.

Verkkaupi áskilur sér þann rétt að fella niður einstaka verkliði eða breyta umfangi þeirra án þess að til komi aðrar leiðréttingar á samningsfjárhæð en sem nemur breytingum á magntölum. Verkkaupi getur ákveðið breytingar og aukaverk verði unnin í reikningsvinnu og skal bjóðandi því tilgreina tímagjald fyrir útselda vinnu manna, vinnuvéla og tækja á þar til gerð eyðublöð ef þau fylgja með útboðsgögnum. Tímagjald þetta verðbætist á sama hátt og samningsbundnar greiðslur. Verktaki skal framvísa vinnuskýrslum vegna aukaverka vikulega, en reikningum hins vegar hálfsmánaðarlega. Á reikningum skal skilmerkilega tilgreint, hvaða verk hafa verið unnin og skv. hvaða gjaldi, ásamt sundurliðuðum efniskostnaði, ef um efniskostnað



Útboðs og verkskilmálar Fischerhúsið utanhússklæðning 2012 er að ræða. Útlagður efniskostnaður vegna reikningsvinnu greiðist verktaka með 15% álagi. Greiðsla þessi er fyrir alla fyrirhöfn verktaka við að útvega efni. Reikningar vegna aukaverka skulu, eins og aðrir reikningar samþykkir og áritaðir af eftirlitsmanni.

1.17 Dagbók

Verktaki skal daglega færa dagbók. Í hana skal færa allt sem máli skiptir vegna framgangs verksins. Dagbókin skal færð í tvíriti og skal eftirlitsmaður verkkaupa fá afrit af færslu hvers dags í síðasta lagi degi síðar.

1.18 Vinnugæði, upplýsingar um efni

Efni og öll vinna skal vera af besta gæðaflokki og skal öll fagvinna unnin af faglærðum mönnum. Allt efni sem verktaki leggur til skal hafa hlotið samþykki eftirlitsmanns. Verkkaupi getur krafist þess að verktaki vísi af vinnustað þeim starfsmönnum, sem sannanlega sýna vankunnáttu eða hirðuleysi í starfi. Ef einhver einstakur verkþáttur er illa af hendi leystur eða efni sem notað hefur verið reynist gallað eða ekki rétt notað að mati eftirlitsmanns verkkaupa, getur eftirlitsmaður krafist þess að verkið verði allt unnið að nýju á kostnað verktaka. Eftirlitsmaður verkkaupa getur sett tímamörk um það hvenær því sem áfátt var talið skuli komið í lag og er heimilt að stöðva greiðslur til verktaka ef þær lagfæringar sem óskað var eftir hafa ekki verið unnar. Í verk- og efnislýsingum eru grunnefni eða eiginleikar fyrirskrifaðir. Með tilboði sínu skal verktaki láta fylgja lista yfir þau efni sem hann hyggst nota, þar sem þær upplýsingar koma fram sem óskað er eftir í sérhverri verklýsingu. Heimilt er verktaka að bjóða annað efni en lýsingar kveða á um, ef hann leggur fram nákvæmar upplýsingar um efnisgæði og verð. Verkkaupi gerir samanburð á mismun með tilliti til verðs og gæða og áskilur sér allan ákvörðunarrétt um hvaða efni eða vinnutilhögun verður valin.

1.19 Ágreiningsmál

Rísi ágreiningur milli verkkaupa og verktaka um verk það, sem lýsing þessi fjallar um, skal honum vísað til Héraðsdóms Reykjaness. Kostnaður við aðgerðir samkvæmt grein þessari skal ákveðinn af dóminum sjálfum svo og hver skuli greiða



Útboðs og verkskilmálar Fischerhúsið utanhússklæðning 2012
þann kostnað. Verði ágreiningur milli verktaka og verkkaupa um skilning á
útboðsgögnum skal verktaki þó eigi að síður framkvæma verkið skv. fyrirmælum
verkkaupa sbr. ÍST 30:2003, gr.32.

1.20 Úttekt

Lokaúttekt fer þannig fram að verktaki tilkynnir verkkaupa og byggingarfulltrúa, ef
við á, bréflega í lok verksins eða áfanga hvenær úttekt getur farið fram.

Hlutaðeigandi meistarar skulu vera viðstaddir úttektina og hafa samþykktu uppdrætti
á staðnum. Verktaki skal þá hafa lokið öllum þáttum verksins, þar með talin öll
hreinsun athafnasvæðisins, svo sem að þrifa ryk og slettur, fjarlægja vinnupalla
(nema þá sem nauðsynlega þarf að nota við sjálfa úttektina) og hirða allan úrgang.

Áður en lokaúttekt fer fram fer eftirlitsmaður verkkaupa og verktaki yfir allt verkið
og komi þeir auga á eitthvað, sem er vangert eða þarf umbóta við, lýkur verktaki því
fyrir úttektardag. Þá yfirfara fulltrúar verkkaupa verkið endanlega. Ef verktaki hefur
ráðið til sín undirverktaka með samþykki verkkaupa skal hann einnig vera viðstaddur
lokaúttekt. Sé eitthvað vangert eða ekki í samræmi við verklýsingar eða verksamning
skal það metið af fulltrúum verkkaupa og dregið frá sammingsupphæðinni.

Verktaki fær hins vegar eðlilegan frest til þess að ljúka þeim verkum, sem talin eru
ófullnægjandi við úttekt þessa, og fær þau þá greidd eftir fyrrgreindu mati, þegar
staðfesting er fengin fyrir að hann hafi lokið viðkomandi verki. Duldir gallar eða
annað sem kann að yfirsjáast við úttekt, en verktaki er ábyrgur fyrir, skulu heyra undir
ákvæði sammingsgagna um ábyrgð verktaka eftir að verkinu er lokið.

Lokaúttekt telst ekki hafa farið fram fyrr en verktaki hefur uppfyllt öll ákvæði
verksamnings.

1.21 Ábyrgðarúttekt

Framkvæmdatrygging gildir í eitt ár eða þangað til verkkaupi hefur fallist á að
verktaki hafi uppfyllt öll skilyrði verksamnings og eftirlitsmaður samþykkt
ábyrgðarúttekt.



1.22 Upplýsingar um bjóðendur

Þeir bjóðendur sem eftir opnun og yfirferð tilboða koma til álita sem verktakar skulu, sé þess óskað, láta í té eftirtaldar upplýsingar. Farið verður með þessar upplýsingar sem trúnaðarmál. Ársreikningar síðustu tveggja ára, áritaðir af endurskoðanda. Eftir júlí byrjun hvers árs þarf að skila inn ársreikningi undangengins árs. Þegar um einstakling með atvinnurekstur í eigin nafni er að ræða, er óskað eftir staðfestum ljósritum af skattskýrslum. Staðfestingu frá viðkomandi yfirvöldum um að bjóðandi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld. Staðfestingu frá þeim lífeyrissjóðum, sem starfsmenn greiða til, um að bjóðandi sé ekki í vanskilum með lífeyrissjóðsiðgjöld starfsmanna. Ef um hlutafélag er að ræða er óskað eftir útskrift um hlutafélagið úr Hlutafélagaskrá. Nafn byggingarstjóra og upplýsingar um hann skv. 51.g. skipulags- og byggingarlaga nr.73/1997 og 31-35 gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Almennar upplýsingar um bjóðanda, svo sem starfslið, reynslu yfirmanna og nafn þess starfsmanns, sem ber ábyrgð á og annast upplýsingagjöf vegna tilboðsins. Skrá yfir undirverktaka er bjóðandi hyggst ráða til verksins. Skrá yfir tæki og búnað sem fyrirhugað er að nota við verkið. Skrá yfir helstu verk og lýsing á reynslu bjóðanda í sambærilegum verkum síðustu tvö ár. Skrá yfir helstu yfirmenn og verkstjóra er ásamt stuttri lýsingu á menntun og starfsreynslu. Skrá yfir önnur verkefni er fyrirtækið hyggst vinna á sama tíma. Yfirlýsing viðskiptabanka um reglusemi í viðskiptum. Yfirlýsing frá ábyrgðaraðila um að opnuð verði verkábyrgð vegna verksins. Yfirlýsing tryggingarfélags um frjálssa ábyrgðartryggingu. Bjóðendur skulu afhenda umbeðin gögn innan þriggja sólarhringa frá því að fulltrúi verkaupa óskar eftir þeim.

1.23 Meðferð og mat á tilboðum.

Ef eitt eða fleiri af eftirtöldum atriðum eiga við bjóðendur verður ekki gengið til samninga við þá:

Bjóðandi er í vanskilum með opinber gjöld.

Bjóðandi er í vanskilum með lífeyrissjóðsiðgjöld starfsmanna.

Eiginfjárstaða bjóðanda er neikvæð.



Útboðs og verkskilmálar Fischerhúsið utanhússklæðning 2012
Við mat á tilboðum verða eftirtalin atriði lögð til grundvallar matinu:

Heildartilboðsfjárhæð Reynsla verktaka af sambærilegum verkum Tæknileg þekking verktaka. Tækjakostur verktaka. Fjárhagsleg staða verktaka. Reynsla lykilstarfsmanna sem koma til með að stjórna verkinu. Reynsla af fyrri viðskiptum verkkaupa við verktaka. Við samanburð á tilboðum verður lagður til grundvallar heildarkostnaður kaupanda.

1.24 Uppdrættir og lýsingar

Ákvæði um teikningar og villur í útboðsgögnum eru í kafla 14 í ÍST 30. Komi fram villur í útboðsgögnum, er verktaki eftir sem áður bundinn af tilboði sínu. Leiði villan til aukins kostnaðar skal verktaki fá hann bættan, enda tilkynni hann verkkaupa um villuna strax og hann verður hennar var. Vanræki verktaki að tilkynna slíka villu áður en viðkomandi hluti verks er framkvæmdur fellur bótaskylda verkkaupa niður. Á samsvarandi hátt á verkkaupi rétt á lækkun samningsupphæðar, ef villan leiðir til minni kostnaðar. Semja skal eins fljótt og unnt er um þær breytingar á samningsupphæð, sem leiða af framansögðu. Ef um ósamræmi milli uppdráttu og lýsinga er að ræða skal verktaki tafarlaust tilkynna eftirlitsmanni verkkaupa það til úrskurðar. Aðalverktaki ber ábyrgð á að undirverktakar kynni sér öll útboðsgögn.

1.25 Ábyrgðir og tryggingar

Ábyrgð, tryggingar og lögboðin gjöld Ábyrgð og áhætta er skilgreind í kafla 22 í ÍST 30. Meðan á framkvæmd verksins stendur og þar til lokaúttekt hefur farið fram á verktaki að hafa og kosta allar nauðsynlegar váttryggingar sem leiða af framkvæmd þessari, ekki takmarkað við váttryggingar vegna áhættu skv. ÍST-30 gr. 22. Brunatrygging er þó undanskilin þar sem verkkaupi er með bygginguna brunatryggða, einnig vegna þessara framkvæmda. Verktaki skal slysatryggja starfsmenn sína, og greiða þau lögboðnu og samningsbundnu gjöld, sem fylgja því að hafa menn í vinnu og selja efni og þjónustu. Verktaki skal afhenda verkkaupa, ef hann óskar, afrit af tryggingarskírteinum fyrir þeim tryggingum, sem hann tekur vegna verksins á hverjum tíma. Séu váttryggingarupphæðir of lágar að dómi verkkaupa, skulu þær tafarlaust hækkaðar til sannvirðis á kostnað verktaka.



Útboðs og verkskilmálar Fischerhúsið utanhússklæðning 2012
Frjáls ábyrgðartrygging Frjáls ábyrgðartrygging verktaka samkvæmt kafla 22.6 í ÍST 30 skal eigi nema lægri upphæð en kr. 120.000.000,- fyrir tjón í hverju einstöku tilviki. Verktrygging Til tryggingar því að verktaki standi við allar skuldbindingar sínar við verkkaupa vegna verkefnis þessa afhendir hann verkkaupa fyrir undirritun verksamnings verktryggingu, skv. kafla 15 í ÍST 30. Form verktryggingar er fylgiskjal með útboðslýsingu þessari. Verktrygging skal miðast við 15 % af samningsupphæð þó ekki lægri en 10% af kostnaðaráætlun og stendur óbreytt til verkloka en lækkar þá um 2/3 hluta að viðbættum viðaukum við samning og verðbótum ef verksamningur er verðbættur, og stendur þannig næstu tólf mánuði. Óheimilt er að lækka eða fella niður framkvæmdatryggingu nema til komi skrifleg heimild þar að lútandi frá verkkaupa, og skal slík heimild gefin út innan 10 daga frá því að lokaúttekt fór fram á verkinu. Verkkaupi leggur ekki fram sérstaka tryggingu vegna verksins. Veðsetningar - Eignarréttarfyrirvarar Verktaka er óheimilt að binda verkkaupa á nokkurn hátt af lánum eða öðrum skuldbindingum sem hann kann að taka á sig á verktímanum. Einnig er verktaka óheimilt, án sérstaks leyfis verkkaupa, að veðsetja efni, tæki, vélar eða annan þann búnað sem verður hluti af verkinu og verkkaupi hefur greitt fyrir. Ekkert efni sem verkkaupi hefur greitt fyrir má vera með eignarréttarfyrirvara frá seljanda efnisins, án sérstaks leyfi verkkaupa.

1.26 Frávik frá stöðlum

Grein 15.6.1 í ÍST-30:2003 gildir ekki í þessu útboði. Í stað hennar vísast til kafla 1.24 í þessari útboðslýsingu. Grein 31.13.1 í ÍST-30:2003 gildir ekki í þessu útboði. Grein 22.2 í ÍST-30:2003 gildir ekki í þessu útboði. Í stað hennar vísast til kafla 1.23 í þessari útboðslýsingu. Grein 29.6 í ÍST-30:2003 gildir ekki eins og hún er orðuð. Í stað hennar kemur grein sem er svohljóðandi: Ef í ljós koma á verkinu leyndir gallar sem ekki var unnt að sjá fyrir lok ábyrgðartímans skal verktaki svara skaðabótum eftir almennum reglum. Fyrning á þeim skaðabótakröfum fer eftir almennum reglum

1.27 Greiðslur og reikningsskil

Um greiðslur og reikningsskil vísast almennt til kafla 31 í ÍST 30, Greiðslur og reikningsskil. Greitt verður til verktaka samkvæmt leiðréttri tilboðsskrá. Verkkaupi mun ekki taka geymslufé af reikningum verktaka skv. gr. 31.4 í ÍST 30, enda er



Útboðs og verkskilmálar Fischerhúsið utanhússklæðning 2012 framkvæmdatrygging 15 % af samningsupphæð skv. gr. 15.2.1 í ÍST 30. Reikningar skulu lagðir fram hálfsmánaðarlega, eigi síðar en á þriðjudegi eigi þeir að koma til greiðslu á fimmtudag næstu viku þar á eftir. Greiðsluliðir skulu reikningsfærðir eftir framvindu verksins og skilmerkilega skal koma fram hvaða liði er verið að innheimta hverju sinni. Reikningsform er háð samþykki eftirlitsmanns. Áður en reikningur er gerður skal haft samband við eftirlitsmann verksins um mat greiðsluhlutfalls til að fyrirbyggja að leiðréttingar tefji reikninga. Greiðsla á framvindureikningi innifelur ekki í sér endanlegt samþykki á uppgjöri magntalna. Verkkaupi mun ekki inna af hendi neina greiðslu til verktakans fyrr en hann hefur afhent tilskilda verktryggingu. Gerðir skulu sérstakir reikningar vegna aukaverka, viðbótarverka og þeim fylgi greinargerð um verkið og útreikningur þeirra magntalna sem reikningurinn byggist á. Reikningar skulu skráðir á Bæjarsjóð Reykjanesbæjar, kt.. 470794-2169, vegna: “Fischerhúsið utanhússklæðning 2012”.

1.28 Byggingarstjóri og iðnmeistarar

Verktaki leggur til iðnmeistara og byggingarstjóra þar sem skylt er og skulu þeir fallast á byggingarstjóra- og meistaraskipti, þegar að loknu verki sínu samkvæmt þessu útboði, ef þess verður óskað af verkkaupa. Áritun byggingarstjóra og meistara á nauðsynleg eyðublöð varðandi þetta verk hjá byggingafulltrúa, veitir þeim ekki réttindi til frekari starfa við framkvæmdina en þetta útboð nær til.



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

BF LOK 1010

Útboðs og verkskilmálar Fischerhúsið utanhússklæðning 2012

Verklýsing



1 AÐSTADA OG ALMENNT UM VERKIÐ

1.0.0 Almenn

Verklýsing þessi er stutt lýsing þeirra verkþátta sem útboðið nær til enda er gert ráð fyrir að allir bjóðendur hafi reynslu af sambærilegum verkum. Í verklýsingunni eru settar fram þær sérstöku kröfur, sem verkkaupi gerir til verksins, en almennt gildir að allt verkið skal framkvæmt í samræmi við þá staðla og þær reglugerðir sem um slík verk gilda og er verktaki ábyrgur fyrir því að þeim sé hlýtt.

Verktaki má bjóða aðrar aðferðir en þær sem lýst er hér á eftir. Hann skal þá auðkenna það í tilboðsskrá með tilboði sínu og láta verk- og efnislýsingar fylgja með. Verkkaupi áskilur sér þó allan rétt til að hafna slíkum breytingartillögum.

Við framkvæmd verksins skal fara eftir verklýsingu framleiðanda þess efnis sem nota skal, svo og þeim verklýsingum sem hér fylgja. Falli lýsingar ekki saman mun eftirlitsmaður verkkaupa ákveða hvor gildir. Forsvarsmaður verkframkvæmda skal vera meistari í viðkomandi grein og með full réttindi á viðkomandi sviði. Öll fagvinna skal unnin af þar til menntuðum iðnaðarmönnum. Allt efni, öll vinna og allur frágangur skal vera fyrsta flokks og skal verktaki ráðfæra sig við verkkaupa um öll efniskaup og efnisval til framkvæmdanna og leita samþykkis hans á þeim.

Vörur og efni sem verktaki leggur fram og verður varanlegur hlutur verksins skal vera nýtt og af viðurkenndum gerðum. Verktaka er skylt að láta verkkaupa í té nægjanleg gögn um gæði vörunnar, þar með talin vottorð frá viðurkenndum rannsóknarstofnunum og fá sýnishorn til að unnt sé að meta gæði hennar.

Ef eitthvert einstakt verk er illa af hendi leyst eða efni sem notað hefur verið reynist gallað að dómi verkkaupa, getur eftirlitsmaður, hvenær sem er krafist þess að verkið verði unnið að nýju á kostnað verktaka, þótt ekki sé komið að úttekt á verkinu.

Verktaki skal sýna vönduð og traust vinnubrögð, þannig að í lok verksins verði hægt að segja að hér hafi verið fagmannlega og snyrtilega að verki staðið og að verktaki hafi notað eðlilegar tæknilausnir og góða verkvenju við allt verk sitt.

Verktaki skal framkvæma allar mælingar, en eftirlitsmanni skal gefinn kostur á að sannprófa þær. Verktaki ber þó einn ábyrgð á þeim og aðgerðaleyzi eða vangá



Útboðs og verkskilmálar Fischerhúsið utanhússklæðning 2012 eftirlitsmanns firrir hann ekki þeirri ábyrgð. Verktaki skal leggja eftirlitsmanni til aðstoð þá, er hann þarfnast við mælingar sínar. Í einingarverðum skal innifalinn allur kostnaður við efni og vinnu og annað sem þarf til þess að fullgera verkið. Ekki verður greitt sérstaklega fyrir aðstöðusköpun, rekstur vinnusvæðis, og skal sá kostnaður innifalinn í einingarverðum tilboðsins.

Verkinu telst ekki að fullu lokið fyrr en vinnusvæðið hefur verið hreinsað vandlega og öll tæki, búnaður, efnisafgangar o.þ.h. hefur verið fjarlæggt. Allir stálhlutir svo sem naglar, boltar, skífur, festingar og aðrir stálhlutir skulu vera heitgalvan húðaðir nema annað sé tekið fram. Timbur skal vera K18 samkvæmt ÍST/DS 413. Allt efni sé beint, húspurtt og laust við stóra kvisti og aðra galla nema annað sé tekið fram. Mælt er með því að verktaki hafi við höndina leiðbeiningarrit Húsafriðunarnefndar „*Gömul timburhús, útveggir, grind og klæðning*“ og „*Trégluggar*“, en þar eru margar gagnlegar upplýsingar um hefðbundinn frágang í gömlum húsum.

2.BURÐARVIRKI.

2.0.0 Almenn

Endurbyggja þarf tvo innganga við austurhlið hússins en gert er ráð fyrir því að þegar Reykjanesbær hefur lokið við að hreinsa frá húsinu komi í ljós hlaðnir sökklar sem voru undir fyrrum inngöngum hússins og hægt verði að nota þá undir nýju inngangana. Inngangar eru tveir og skulu þeir reistir úr timburbitum eins og núverandi grind í húsinu. Væntanlegum bjóðendum er bent á að kynna sér uppbyggingu þeirra og samsetningar, en gerð er skýlaus krafa um sömu samsetningar og vinnubrögð. Timbur er 125x125 mm í veggjagrindum og 125x150mm í þakvirki að öðru leiti er vísað í teikningar burðarþolshönnuða.

2.1.0 Veggjagrindur.

Veggjagrindur, grindur eru settar saman samkvæmt gömlum samsetningaraðferðum og skal þar fara í einu og öllu eftir leiðbeiningarrit Húsafriðunarnefndar „*Gömul timburhús, útveggir, grind og klæðning*“. Að öðru leiti sjá teikningar burðarþolshönnuða.

Magntölur:



Útboðs og verkskilmálar Fischerhúsið utanhússklæðning 2012
Magn er gefið upp í nettó metrum mælt af teikningum, eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig, verkpallar, festingar, umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar og skemmda o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

2.1.1 Klæðning á grindur.

Veggjagrindur verða klæddar með 25x150mm furu eða greniborðum og neglist á grind með 4x75mm heitgalv saum 3 stk í hvert borð á stoða öðru leiti skal í einu og öllu fara eftir leiðbeiningarrit Húsafriðunarnefndar „*Gömul timburhús, útveggir, grind og klæðning*“.

Magntölur:

Magn er gefið upp í nettó m² mælt af teikningum, eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig, verkpallar, festingar, umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar og skemmda o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

2.1.2 Þak.

Þak er byggt upp með bitum 125x150mm og er valmaþak með 10°halla. Samskeyti og annar frágangur skal sá sami og er í risi og er væntanlegum bjóðendum bent á að kynna sér þann frágang. Að öðru leiti skal í einu og öllu fara eftir leiðbeiningarrit Húsafriðunarnefndar „*Gömul timburhús, útveggir, grind og klæðning*“. Og teikningum burðarþolshönnuða.

Magntölur:

Magn er gefið upp í nettó metrum mælt af teikningum, eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig, verkpallar, festingar, umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar og skemmda o.s.frv., nema annað sé tekið fram.



2.1.3 Klæðning á þak.

Þak verða klæddar með 25x150mm furu eða greni borðum og neglist á sperrur með 4x75mm heitgalv. saum 3 stk. í hvert borð á sperru. Að öðru leiti skal í einu og öllu fara eftir leiðbeiningarrit Húsafriðunarnefndar „*Gömul timburhús, útveggir, grind og klæðning*“.

Magntölur:

Magn er gefið upp í nettó m² mælt af teikningum, eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig, verkpallar, festingar, umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar og skemmda o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

7 FRÁGANGUR UTANHÚSS

7.0.0 Almenn

Um er að ræða annarsvegar rif og hreinsun á þakefnum og klæðningum Fischerhússins og hins vegar að klæða þak og vegg ásamt ísetningu hurða og glugga samkvæmt eftirfarandi lýsingum, og er eftirfarandi ástandslýsing sem gerð hefur verið á húsinu.

7.0.0.1 Þak:

Þak hússins er lagt bárujárni og er það ónýtt af riði einnig eru komin göt í gegnum þakborðin þannig að þakið er lekt og þarfnast það því viðgerðar strax, skorsteinar hafa verið múrhúðaðir og þarf að hreinsa af þeim múrhúðunina þannig að upprunalegt útlit þeirra komi í ljós, skipta þarf um allar rennur og niðurföll. Áætlað er að upprunalegar rennur hafi verið úr kopar, þakgluggar hafa sennilega verið 8 talsins og er ekki vitað hvað varð um þá og þarf því að setja nýja. Upprunaleg klæðning á þaki var spónskífur.

7.0.0.2 Veggir:

Veggir eru í að hluta til klæddir með plastklæðningu sem víða eru komin göt á og að hluta til með krossvið og listum. Á einni hliðinni er líklega upprunaleg klæðning



Útboðs og verkskilmálar Fischerhúsið utanhússklæðning 2012 undir plastklæðningu og krossvið. Endurgera þarf vatnsbretti neðst við klæðninguna og lista og skraut undir þakkanti.

Öll klæðning skal rifin af og gamla borðaklæðningin sem er nothæf verði hreinsuð upp og endurnotuð, klæðning skal gerð eins og hún var upprunalega á húsinu. Inngangar að austanverðu sem voru rifnir af þarf að endurbyggja í upphaflegri mynd. Að vestan verðu hefur inngangur verið stækkaður og sett á hann skúrþak það þarf að endurgera og koma í upprunaleg horf ásamt innganginum.

7.0.0.3Gluggar:

Allir gluggar í húsinu hafa verið endurnýjaðir og þarf því að láta endursmíða gluggana í upprunalegri mynd og skipta út og ganga frá í kringum þá með strikuðum földum og vatnsbrettum ásamt skrauti að ofanverðu. Á norðurgafli er einum glugga ofaukið og þarf að loka honum. Á suðurgafli er einn gluggi sem þarf að skipta út og setja hurð eins og var á húsinu.

7.0.0.4Útihurðar:

Útihurðar voru 5 talsins og eru þær sem nú eru ekki upprunalegar en einungis eru 3 hurðar á húsinu nú þar sem rifnir hafa verið innganga á húsinu að vestan verðu. Og þarf því að smíða nýjar hurðar.

7.1 RIF OG BROTTFLUTNINGUR

Verktaki skal áður en framkvæmdir hefjast kynna sér legu lagna á svæðinu, sem og þær sem liggja rétt við svæðið, þ.e. rafmagns-, síma-, skolp-, vatns-, og hitaveitulagna og fara í einu og öllu eftir leiðbeiningum viðkomandi stofnana.

Verktaki skal viðhafa aðgát við vinnu nálægt lögnum og bæta þær skemmdir sem kunna að verða. Verktaki skal bera allan kostnað við hugsanlega leit að lögnum á svæðinu og meðhöndlun þeirra og frágang (söndum o.þ.h.). Þurfi að færa til strengjalagnir, hitaveitulagnir, rafmagnskassa, ljósastaura eða útloftanir á hitaveitubrunnum sem nú eru innan útboðsmarka munu starfsmenn viðkomandi stofnunar annast það verk. Sama gildir um uppsetningu á nýjum búnaði t.d. ljósastaurum eða lagningu nýrra lagna eða strengja. Þurfi að grafa fyrir nýjum búnaði, lögnum eða strengjum utan útboðsmarka verður það einnig framkvæmt af



Útboðs og verkskilmálar Fischerhúsið utanhússklæðning 2012
viðkomandi stofnun. Verktaki skal hliðra til vegna slíkra framkvæmda og hlíta í einu og öllu fyrimælum eftirlitsmanns þar að lútandi.

7.0.1 Almenn atriði

Áður en framkvæmdir hefjast skal verktaki kynna sér allar aðstæður á staðnum. Hann skal gæta þess vel að valda ekki skemmdum á þeim húshlutum sem eiga að vera áfram. Á rishæð verða borð í núverandi timburklæðningu sýnileg að innan þannig að þess skal sérstaklega gætt að valda ekki skemmdum á þeim. Geyma skal dæmi um fyrri frágang; lista,

Magntölur eru m², metrum og stykkjum. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig, verkpallar, festingar, umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar og skemmda o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

7.1.1 Rif á þakjárnri

Rífa skal alla járnklæðningu af þaki ásamt timburborðum við þakbrúnir. Ekki skal rífa timburklæðningu innan við járnklæðningu. Þakpappi sem er undir þakjárnri skal fjarlægður. Fjarlægja skal allt fúíð timbur og endurnýja með sambærilegu efni. Verktaki skal gera viðeigandi ráðstafanir þannig að ekki komi til tjóns af völdum vatnsleka í húsinu. Gerist það engu að síður skal hann lagfæra allar skemmdir á fullnægjandi hátt í samráði við eftirlit. Verktaki er hvattur til að skoða á staðnum uppbyggingu þaks og einnig allar aðstæður aðrar.

Magntölur:

Magn er gefið upp í nettó m² mælt af teikningum, eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magskrá.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig, verkpallar, festingar, umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar og skemmda o.s.frv., nema annað sé tekið fram.



7.1.2. Rif á útveggjklæðningu.

Rífa skal krossvið og plastklæðningar af útveggjum. Ef í ljós kemur að undir núverandi klæðningum sé að einhverju leiti upprunaleg klæðning skal rífa hana af og hreinsa upp sjá lið 7.2.3. Fjarlægja skal timburstokka við þakbrúnir, gluggafalda og vatnsbretti.

Magntölur:

Magn er gefið upp í nettó m² mælt af teikningum, eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig, verkpallar, festingar, umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar og skemmda o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

7.1.3 Rif á gluggum

Fjarlægja skal alla glugga í kjallara, fyrstu og annarri hæð.

Magntölur:

Magn er gefið upp í stk talið af teikningum, eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig, verkpallar, festingar, umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar og skemmda o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

7.1.4 Rif á útihurðum

Fjarlægja skal allar útihurðir.

Magntölur:

Magn er gefið upp í stk talið af teikningum, eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig, verkpallar, festingar, umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar og skemmda o.s.frv., nema annað sé tekið fram.



7.2 KLÆÐNING UTANHÚSS

7.2.0 Almenn

